

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Selfoss, 14.8.2023
UST202301-143/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 31. maí 2023 - Sorpa, Álfsnesi

Þann 31. maí sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

Fjöldi ábendinga frá íbúum í nærliggjandi hverfum hafa borist Umhverfisstofnun í ár. Í tveimur ábendingum er minnst á að ekki sé byrgt fyrir úrgang í lok dags. Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðila ber að fylgja eftir verklagsreglum sbr., gr. 3.2. í starfsleyfi og halda lyktarmengun á nærliggjandi byggð í lágmarki eins og kostur er. Sérstaklega skal taka viðmið af ríkjandi vindátt, þegar tekið er á móti úrgangi og urðun á sér stað.

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2. í starfsleyfi, a-liður. Þann 30. desember 2022 var tekið á móti og urðaður úrgangur úr olíuskilju sem flokkast sem spilliefni, sbr. k. 13 05 í rg. nr. 1040/2016 í reglugerð um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal árlega leggja fram greinagerð og sýna fram á að botn urðunarstaðars sé 1.5. m neðan við lágstu mögulegu grunnvatnshæð á svæðinu. Slík greinagerð hefur ekki borist eftirlitsaðila.
3. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn fullnægjandi skráningum, sbr. tl. 2-11.
4. Gr. 5.4. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1., fyrir 1 maí ár hvert, fyrir undangengið almanaksár. sbr., 19. gr. laga nr. 55/2003.

- Frávik frá 11 gr. rgl. nr. 851/2002 um grænt bókhald. Rekstraraðili skal senda útgefanda starfsleyfis skýrslu um grænt bókhald fyrir undangengið bókhaldsár. Grænt bókhald barst stofnuninni 12. maí sl. og telst því fráviki lokið.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. september 2023.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur